Borgarbyggð

Ársreikningur 2025

Borgarbyggð
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Kt. 510694-2289

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar 3

Áritun óháðs endurskoðanda 4

Rekstrarreikningur 6

Efnahagsreikningur 7

Sjóðstreymisyfirlit 9

Skýringar 10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Sameining Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hefur verið samþykkt á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga og mun taka gildi í lok maí 2026, sjá skýringu 21. Ársreikningur Borgarbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög; lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald; fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 7.754 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 6.664 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,97% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,350% en lögbundið hámark þess er 0,625%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall þess og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,39% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 0,25%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 22 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 83 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 7.156 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta nam 6.683 millj. kr.

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2025 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Borgarnes, 1. apríl 2026

Sveitarstjóri:

Byggðaráð:

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2025 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Borgarnes, 13. maí 2026

Sveitarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Borgarbyggðar fyrir árið 2025 sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til sveitarstjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

- Skipuleggjum við og framkvæmum endurskoðun samstæðunnar til að afla nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar félaga eða eininga innan samstæðunnar sem grundvöll til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og mati á endurskoðunarvinnu vegna samstæðunnar. Við berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn og bæjarráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 13. maí 2026

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Rekstrarreikningur ársins 2025

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr.	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	4.217.694	4.171.778	3.858.734	4.188.187	4.139.191	3.830.980
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	1.774.242	1.776.174	1.754.002	1.774.242	1.776.174	1.754.002
Aðrar tekjur	4	672.221	854.963	943.093	1.791.862	1.831.397	1.966.439
		6.664.158	6.802.916	6.555.829	7.754.291	7.746.762	7.551.420
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	3.998.332	3.968.139	3.595.211	4.389.206	4.283.645	3.950.857
Lífeyrisskuldbinding, breyting	15	210.691	120.000	99.266	210.691	120.000	99.266
Annar rekstrarkostnaður		2.379.303	2.414.252	2.375.351	2.811.184	2.826.420	2.728.380
		6.588.326	6.502.390	6.069.828	7.411.081	7.230.065	6.778.503
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		75.832	300.525	486.002	343.211	516.697	772.917
Afskriftir	8	(197.306)	(155.939)	(171.219)	(292.770)	(250.111)	(263.245)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgj. (neikv.) ...		(121.475)	144.587	314.782	50.441	266.586	509.673
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	38.774	(74.881)	4.658	(71.835)	(201.650)	(70.657)
Hlutdeild í hlutdeildarfélögum	9	0	0	0	(171)	0	(366)
Hlutdeild minnihluta í afkomu		0	0	0	53	0	1.226
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	14	(82.701)	69.706	319.440	(21.512)	64.936	439.877

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	A hluti 2025	A hluti 2024	A og B hluti 2025	A og B hluti 2024
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	8	9.486.411	6.625.670	10.597.903	7.680.714
Veitur, hafnir og gatnakerfi	8	685.779	586.852	1.444.890	1.320.389
Vélar, áhöld og tæki	8	650.652	313.064	744.076	410.403
		10.822.842	7.525.586	12.786.869	9.411.506
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	1.035.052	1.002.893	623.837	548.197
Langtímakröfur	11	0	0	1.062.247	1.046.031
Fyrirframgreiddur kostnaður	12	114.475	120.530	114.475	120.530
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	11	43.002	45.563	0	0
		1.192.530	1.168.985	1.800.560	1.714.758
Fastafjármunir		12.015.371	8.694.571	14.587.429	11.126.264
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	13	605.525	616.224	683.511	673.386
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		453.768	478.167	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	11	4.247	3.957	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	11	0	0	22.513	20.850
Fyrirframgreiddur kostnaður	12	6.055	6.055	6.055	6.055
Aðrar skammtímakröfur		42.095	53.098	42.095	53.098
Skammtímaverðbréf		18.969	17.819	18.969	17.819
Handbært fé	3k	41.741	295.754	266.095	663.170
Veltufjármunir		1.172.400	1.471.075	1.039.238	1.434.379
Eignir samtals		13.187.772	10.165.646	15.626.667	12.560.642

31. desember 2025

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti 2025	A hluti 2024	A og B hluti 2025	A og B hluti 2024
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	14	6.683.463	6.273.437	7.156.086	6.684.703
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	0	43.758	43.494
		6.683.463	6.273.437	7.199.844	6.728.197
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	15	1.587.455	1.456.845	1.587.455	1.456.845
		1.587.455	1.456.845	1.587.455	1.456.845
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	2.473.938	1.522.491	4.235.800	3.296.229
		2.473.938	1.522.491	4.235.800	3.296.229
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		1.335.464	0	1.335.464	0
Skuldir við eigin fyrirtæki	17	6.360	6.000	0	0
Næsta árs greiðsla lífeyrisskuldbindingar	15	71.917	63.372	71.917	63.372
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	201.934	165.913	266.115	227.315
Aðrar skammtímaskuldir		827.242	677.588	930.072	788.683
		2.442.916	912.873	2.603.569	1.079.370
Skuldir og skuldbindingar samtals		6.504.308	3.892.209	8.426.823	5.832.444
Eigið fé og skuldir samtals		13.187.772	10.165.646	15.626.667	12.560.642
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings	18				

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

		A hluti			A og B hluti		
	Skýr	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	14	(82.701)	69.706	319.440	(21.512)	64.936	439.877
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	197.306	155.939	171.219	292.770	250.111	263.245
Verðbætur		54.368	111.031	78.158	70.141	142.344	98.522
Hlutdeild minnihluta í afkomu		0	0	0	(53)	0	(1.226)
(Hagnaður) tap af sölu rekstrarfjárr		(260)	0	(6.412)	(463)	(104)	(8.044)
Niðurfærsla eignarhluta		1.660	0	5.877	0	0	0
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	15	210.691	120.000	99.266	210.691	120.000	99.266
Veltufé frá rekstri		381.065	456.675	667.547	551.573	577.288	891.639
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgr. kostnaður, breyting	12	6.055	6.055	6.055	6.055	6.055	6.055
Óinnheimtar tekjur, breyting		10.699	0	58.239	(10.125)	0	53.704
Aðrar skammtímakr., breyting		11.003	0	(453)	11.003	0	(453)
Skammtímaskuldir, breyting		(172.940)	0	56.218	(180.720)	0	100.043
Greiðslur v. lífeyrisskuldbindingar	15	(71.536)	(49.861)	(59.357)	(71.536)	(49.861)	(59.357)
Samtals		(216.720)	(43.806)	60.701	(245.323)	(43.806)	99.991
Handbært fé frá rekstri		164.345	412.870	728.249	306.250	533.482	991.630
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(3.010.535)	(2.969.327)	(1.018.463)	(3.184.246)	(3.133.111)	(1.092.794)
Ógreitt vegna fjárfestinga		322.593	0	65.912	322.593	0	65.912
Söluverð rekstrarfjármuna		400	200.000	9.145	743	200.194	11.093
Gatnagerðagjöld		8.560	25.000	65.313	8.560	25.000	65.313
Eignarhlutir í félögum, breyting		(33.819)	(61.000)	(455)	(75.640)	(61.000)	(89)
Skammtímaverðbréf, breyting		(1.150)	0	(1.156)	(1.150)	0	(1.156)
Langtímakröfur, breyting		0	0	0	21.306	18.803	20.155
Langtímakr. á eigin fyrirt., breyting.		4.104	6.070	3.823	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(2.709.848)	(2.799.257)	(875.881)	(2.907.834)	(2.950.114)	(931.565)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, breyting		1.335.464	0	0	1.335.464	0	0
Viðskiptast. eigin fyrirt., breyting		24.760	11.442	85.008	0	0	0
Tekin ný langtímalán	16	1.144.485	2.560.000	0	1.144.485	2.560.000	0
Afföll af lántöku	18	(44.485)	0	0	(44.485)	0	0
Afborganir langtímalána	16	(168.734)	(171.937)	(222.789)	(230.955)	(234.946)	(282.194)
Fjármögnunarhreyfingar		2.291.490	2.399.505	(137.781)	2.204.509	2.325.054	(282.194)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(254.013)	13.118	(285.413)	(397.075)	(91.578)	(222.129)
Handbært fé í ársbyrjun		295.754	295.754	581.167	663.170	663.170	885.298
Handbært fé í árslok		41.741	308.873	295.754	266.095	571.592	663.170

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Borgarbyggð er sveitarfélag á Vesturlandi og var fjöldi íbúa þess 4.082 1. janúar 2026. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Digranesgötu 2 í Borgarbyggð.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisyfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hludeild í samstarfsverkefnum og er gert grein fyrir þeim í skýringu 10.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans eru Eignasjóður og Menningarsjóður Borgarbyggðar.Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita, Sorphirða, Félagslegar íbúðir, Hjálmaklettur, Menntaskóli Borgarfjarðar, Nemendagarðar MB, Fasteignin Brákarhlíð, Reiðhöllin Vindási ehf., Ljósleiðari Borgarbyggðar og Fjallskilasjóðir auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga, samstarfsverkefna og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannavirkja sbr.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	25-50 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð

g. Langtímakröfur

Almennar langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamninga um hjúkrunarheimili

Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamninga um hjúkrunarheimili er færð til eignar á bókfærðu virði sem nemur lágmarksleigugreiðslum leigusamningsins núvirtum með 4,5% vöxtum.

h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Skammtímaverðbréf

Sveitarfélagið hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, skammtímaverðbréf, meðal veltufjármuna.

k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2025. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 15. Áætlaðar næsta ársgreiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

n. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 18.

o. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum.Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 22.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	3.328.097	3.300.816	3.049.981	3.328.097	3.300.816	3.049.981
Fasteignaskattur	747.319	729.586	673.146	717.812	696.998	645.391
Lóðarleiga	142.278	141.377	135.607	142.278	141.377	135.607
	4.217.694	4.171.778	3.858.734	4.188.187	4.139.191	3.830.980
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag	303.187	292.676	275.920	303.187	292.676	275.920
Útgjaldajöfnunarframlag	818.311	769.768	794.567	818.311	769.768	794.567
Framlög vegna fræðslumála	431.864	433.036	452.341	431.864	433.036	452.341
Vegna málefna fatlaðs fólks	142.585	194.022	177.182	142.585	194.022	177.182
Framlög v/sérþarfa fatlaðra	23.970	17.547	18.796	23.970	17.547	18.796
Framlög vegna sameininga	16.992	35.000	8.708	16.992	35.000	8.708
Önnur framlög	37.333	34.125	26.489	37.333	34.125	26.489
	1.774.242	1.776.174	1.754.002	1.774.242	1.776.174	1.754.002
Skatttekjur samtals	5.991.937	5.947.952	5.612.737	5.962.430	5.915.365	5.584.982
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur	672.221	854.963	943.093	1.791.862	1.831.397	1.966.439
Rekstrartekjur samtals	6.664.158	6.802.916	6.555.829	7.754.291	7.746.762	7.551.420

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Laun	3.196.713	3.184.050	2.870.160	3.503.093	3.414.324	3.149.149
Launatengd gjöld	774.344	777.035	688.401	858.839	862.267	765.057
Framlög vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs	6.055	7.000	6.055	6.055	7.000	6.055
Áfallinn launakostnaður, br.	21.220	54	30.597	21.220	54	30.597
Laun og launat. gjöld samtals	3.998.332	3.968.139	3.595.211	4.389.206	4.283.645	3.950.857

	2025	2024
Fjöldi starfsmanna í árslok	380	393
Fjöldi stöðugilda í árslok	313	319
Ársverk	317	316
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar	79.891	74.363

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	**Áætlun 2025 með viðaukum**	**Ársreikningur 2024**	**Ársreikningur 2025**	**Áætlun 2025 með viðaukum**	**Ársreikningur 2024**
Vaxtatekjur og verðbætur	11.760	57.758	35.631	114.990	106.656	155.522
Arður af eignarhlutum.....	111.092	48.345	61.033	62.747	48.345	57.559
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(107.797)	(200.736)	(118.743)	(249.572)	(356.650)	(283.643)
Gengismunur	0	0	0	0	0	(94)
Vextir frá eigin fyrirtækjum ...	23.718	19.752	26.738	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals....	38.774	(74.881)	4.658	(71.835)	(201.650)	(70.657)

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	6.076.716	6.041.716	5.694.217
Félagsþjónusta	(899.976)	(767.773)	(683.332)
Heilbrigðismál	(26.988)	(22.332)	(23.812)
Fræðslu- og uppeldismál	(3.464.000)	(3.380.227)	(3.087.554)
Menningarmál	(156.557)	(175.097)	(151.522)
Æskulýðs- og íþróttamál	(585.147)	(562.320)	(538.023)
Brunamál og almannavarnir	(166.993)	(151.940)	(131.191)
Hreinlætismál	59	(9.482)	(6.285)
Skipulags- og byggingarmál	(219.345)	(243.021)	(209.649)
Umferðar- og samgöngumál	(196.728)	(189.740)	(185.195)
Umhverfismál	(74.626)	(82.126)	(73.519)
Atvinnumál	(32.245)	(35.523)	(15.279)
Framlög til B-hluta	424	(1.747)	(396)
Sameiginlegur kostnaður	(544.384)	(537.629)	(482.669)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlag vegna A deildar Brúar	(216.746)	(127.000)	(105.320)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	270.225	245.537	238.861
Aðalsjóður samtals	(236.310)	1.296	239.330
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	153.350	68.091	79.384
Menningarsjóður Borgarbyggðar	259	319	725
A hluti samtals	(82.701)	69.706	319.440
B hluta fyrirtæki:			
Vatnsveita	2.709	(3.919)	(449)
Sorphirða	23.213	(1.297)	51.259
Félagslegar íbúðir	2.952	(2.935)	9.462
Hjálmaklettur	(3.962)	9.570	(4.368)
Menntaskóli Borgarfjarðar	14.377	(7.076)	87
Nemendagarðar MB	23	(197)	578
Fasteignin Brákarhlíð	5.052	1.091	1.847
Reiðhöllin Vindási ehf	(2.865)	(3.465)	(2.933)
Ljósleiðari Borgarbyggðar	(1.575)	(7.505)	(5.645)
Fjallskilasjóðir	1.968	(3.125)	(1.027)
Samstarfsverkefni B hluti	65.941	62.433	68.315
Hlutdeild minnihluta í afkomu	53	0	1.226
Millifærslur	(46.697)	(48.345)	2.085
A og B hluti samtals	(21.512)	64.936	439.877

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:				
Heildarverð 1.1.2025	8.948.267	884.896	772.534	10.605.698
Endurmat lóða og lendna	492.727	0	0	492.727
Keypt á árinu	2.488.775	141.831	379.929	3.010.535
Gatnagerðargjöld	0	(8.560)	0	(8.560)
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(1.400)	(1.400)
Heildarverð 31.12.2025	11.929.770	1.018.167	1.151.063	14.099.000
Afskrifað 1.1.2025	2.322.598	298.044	459.470	3.080.112
Afskrift færð út	0	0	(1.260)	(1.260)
Afskrifað á árinu	120.761	34.344	42.202	197.306
Afskrifað samtals 31.12.2025	2.443.359	332.388	500.411	3.276.158
Bókfært verð 1.1.2025	6.625.670	586.852	313.064	7.525.586
Bókfært verð 31.12.2025	9.486.411	685.779	650.652	10.822.842
Afskriftarhlutföll	0-4%	4%	0-20%	

	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2025	10.709.010	2.246.263	1.028.034	13.983.307
Endurmat lóða og lendna	492.727	0	0	492.727
Keypt á árinu	2.582.779	208.634	392.833	3.184.246
Gatnagerðargjöld	0	(8.560)	0	(8.560)
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(2.014)	(2.014)
Heildarverð 31.12.2025	13.784.516	2.446.337	1.418.853	17.649.706
Afskrifað 1.1.2025	3.028.296	925.874	617.631	4.571.801
Afskrift færð út	0	0	(1.734)	(1.734)
Afskrifað á árinu	158.317	75.573	58.880	292.770
Afskrifað samtals 31.12.2025	3.186.614	1.001.447	674.777	4.862.837
Bókfært verð 1.1.2025	7.680.714	1.320.389	410.403	9.411.506
Bókfært verð 31.12.2025	10.597.903	1.444.890	744.076	12.786.869
Afskriftarhlutföll	0-4%	4%	0-20%	

* Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2025 til samræmis við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga n r. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5%.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Frávik frá áætlun
A hluti:			
Fasteignir			
Leikskólar	78.603	125.427	(46.823)
Grunnskólar	1.027.386	922.900	104.486
Íþróttamannvirki	1.378.159	1.175.000	203.159
Safnahús, endurbætur	4.627	20.000	(15.373)
Slökkvistöð, uppbygging	0	40.000	(40.000)
	2.488.775	2.283.327	205.449
Gatnakerfi			
